

Enska - English

Polska - Polski

Spænska - Español

Filippseyska - Filipino

Arabiska - عَرَبِيٌّ

Rússneska - Русский

Kúrdiska - کوردی

Litháiska - Lietuviškai

Albanska - Shqip

Vietnamska - Tiếng Việt

Tælenska - گاراچای

Farsi - فارسی

Jól á Íslandi

Navidad en Islandia






Skór í glugga

Mörg börn á Íslandi setja skó í svefnherbergisgluggann á hverju kvöldi í þrettán daga fyrir jól. Á hverju kvöldi kemur einn jólasveinn í heimsókn og skilur eftir ávöxt, nammi eða litla gjöf. Börnin reyna að hegða sér vel því annars gæti jólasveinninn skilið eftir kartöflu í skónum.

Cuando faltan 13 días para Navidad, muchos niños dejan su zapato en la ventana de su cuarto. Cada noche un Santa Claus los visita y les deja fruta, dulces o un pequeño regalo. Los niños se esfuerzan en portarse bien ya que de no ser así el Santa Claus le dejará una patata en el zapato.



Jólasveinar

Íslensku jólasveinarnir eru jónaóvættir af tröllakyni. Í gamla daga voru hryllingssögur af jólasveinunum notaðar til að hræða og skemmta börnum dagana fyrir jól. Smáum saman breyttust sögurnar og í dag eru jólasveinarnir almennt nokkuð mennskir og færa börnum gjafir, syngja fyrir þau og segja sögur.

Los Santa Clauses islandeses son seres del tipo de los troles que se crearon originalmente para asustar a los niños los días antes de la Navidad. Poco a poco cambiaron y hoy en día son seres normales que les traen regalos a los niños que se portan bien, cantan y les cuentan historias.



Grýla

Grýla er tröllskessa og móðir íslensku jólasveinanna. Í gamla daga voru sagðar af henni hræðilegar sögur um hvernig hún safnaði óþekkum börnum í poka sinn. Síðan átti hún að hafa borið þau í helli sinn, hent í stóran pott og étið.

Grýla es una trol que es la madre de los santa clauses islandeses. Se dice que ella mete a los niños que se portan mal en la bolsa que lleva sobre su espalda para después meterlos en una olla grande y comérselos.






Leppalúði

Leppalúði er eiginmaður Grýlu.
Hann er sagður óskaplegt letiblóð.
Leppalúði es el esposo de Grýla y
se dice de él que es muy
perezoso.

Jólakötturinn

Jólakötturinn er óvættur og húsdýr hjá Grýlu og Leppalúða. Í gamla daga voru sagðar sögur af því hvernig hann át þau börn sem ekki höfðu fengið ný fót fyrir jólin. Börn fengu yfirleitt kerti og einhverja nýja spjör s.s. sokka eða skó fyrir jól svo þau færðu ekki í jólaköttinn eins og sagt var.

El gato de Navidad es la mascota de Grýla y Leppalúði. Se le conoce por que se come a los niños que no reciben alguna pieza de ropa por Navidad. A los niños se les daba como regalo por ejemplo velas, calcetines o zapatos para no tener que vestir al gato al gato como se decía.




Stekkjastaur

12. desember

Stekkjastaur kemur fyrstur til byggða og var hann sagður sjúga mjólk úr sauðkindum. Hann hafði staurfætur á báðum fótum svo það gekk heldur erfiðlega.

El santa claus llamado es el primero en llegar y se decía que succionaba la leche de las ovejas. Tiene las dos piernas de palo por lo que se le dificulta el caminar.



Giljagaur

13. desember

Giljagaur kemur annar til byggða. Hann faldi sig í fjósinu og fleytti froðuna af mjólkurfötunum þegar enginn sá til.

Giljagaur es el segundo en llegar y se dice que se escondía en los establos y jugaba con la espuma que había en las cubetas de leche cuando nadie lo veía.



Stúfur

14. desember

Stúfur er þriðji jólasveininn. Hann er minnstur líkt og nafnið bendir til.

Hann nældi sér í pönnu og át agnirnar sem brunnið höfðu fastar.

Stúfur es el tercero en llegar y es el más chico de todos. Él agarraba las sartenes y se comía los restos quemados que quedaban pegados en ellas.




Þvörusleikir

15. desember

Þvörusleikir er fjórði jólasveinninn.

Þvörusleiki þótti afskaplega gott að sleikja þvörur og stalst inn í eldhús þegar færi gafst til að næla sér í þær. Þvara var stöng með blaði sem notuð var til að hræra í pottum eins og sleif er notuð nú á dögum.

Þvörusleikir es el cuarto santa claus. A Þvörusleikir la gustaba mucho lamer los cucharones de madera de la cocina a donde entraba a escondidas para conseguirlos. Estos cucharones se utilizaban para revolver la comida en las ollas.





Pottaskefill

16. desember

Pottaskefill, einnig nefndur Pottasleikir, er fimmti jolasveinninn. Pottaskefill skóf og sleikti innan úr pottunum.


Pottaskefill también conocido como Pottasleikir, es el quinto santa claus. Pottaskefill escarbaba y lamía las ollas.

Askasleikir

17. desember

Askasleikir er sjötti jólasveinninn. Þegar askarnir, sem voru eins konar trédiskar með loki, voru settir fyrir hunda og ketti var Askasleikir snöggur að stela þeim.

Askasleikir es el sexto santa claus. Cuando se ponían los platos para que los perros y los gatos los lamieran, Askasleikir se les adelantaba y lo hacía él.




Hurðaskellir

18. desember

Hurðaskellir er sjöundi jólasveinninn. Hurðaskellir var mikill ólátabelgur og skellti hurðum svo fólk hrökk upp úr fastasvefni.

Hurðaskellir es el séptimo santa claus.

Hurðaskellir era muy ruidoso y azotaba las puertas para despertar a la gente que dormía profundamente.



Skyrgámur

19. desember


Skyrgámur er áttundi jólasveinninn. Skyrgámi þótti skyr afskaplega gott og stalst gjarnan í skyrtunnuna og hámaði í sig þangað til hann stóð á blístri.

Skyrgámur es el octavo santa claus.
A Skyrgámur le gustaba mucho el skyr y se metía en los barriles que lo contenían para comérselo todo hasta que él mismo podía estar de pie adentro.



Bjúgnakrækir

20. desember



Bjúgnakrækir er níundi jólasveinninn. Bjúgnakrækir var fimur að klifra og sat gjarnan upp í ráfri eldhúsa og raðaði í sig bjúgum. **Bjúgnakrækir es el noveno santa claus.** Bjúgnakrækir era habilidoso para escalar y entrar por la parte trasera de las cocinas para conseguir salchichas.

Gluggagægir

21. desember

Gluggagægir er tíundi jólásveinninn. Gluggagægir lagðist á glugga til að gægjast inn. Ef hann sá þar eitthvað eigulegt reyndi hann að krækja sér í það.

Gluggagægir es el décimo santa claus. Gluggagægir se acercaba a las ventanas para espiar. Si veía algo que le interesaba intentaba conseguirlo.



Gáttaþefur

22. desember

Gáttaþefur er ellefti jólasveinninn.
Gáttaþefur hafði mjög stórt nef og fann
ilminn af laufabrauði langt upp á heiðar,
sem lokkaði hann til bæja.

Gáttaþefur es el onceavo santa claus.
Gáttaþefur tiene una nariz muy grande
que le permite sentir el olor del pan de
hoja (laufabrauði) en la distancia y ésto
lo atraía al pueblo.



Ketkrókur

23. desember

Ketkrókur er tólfti jónasveinninn. Ketkrókur kom á Þorláksmessu til bæja og reyndi þá að ná sér í hangikjötslæri gegnum strompinn.

Ketkrókur es el doceavo santa claus. Ketkrókur venía al pueblo en Thorlauksmessa e intentaba conseguir piernas de carne ahumada entrando a través de la chimenea.



Kertasníkir

24. desember



Kertasníkir er þrettándi jólasveinninn og sá síðasti sem kemur til byggða. Kertasníkir kom á aðfangadag og elti börnini til að reyna að ná af þeim tólgarkertum. Honum þótti kertin hið mesta góðgæti.

Kertasníkir es el treceavo y último santa claus que llega. Kertasníkir venía en Noche Buena y perseguía a los niños para conseguir sus velas que era lo que más le gustaba.



LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST



Menntastefna
Reykjavíkurborgar

